

## 385. fundur

Bæjarráð Stykkishólms hélt fund fimmtudaginn 13. janúar 2005 kl. 17:00 í Ráðhúsinu.

Mætt voru: Dagný Þórisdóttir, formaður  
Eyþór Benediktsson  
Guðmundur Kristinsson  
Óli Jón Gunnarsson, bæjarstjóri  
Þór Örn Jónsson, bæjarritari

Formaður setti fund og fól síðan bæjarstjóra fundarstjórn.

1. Fundargerðir nefnda:
  - 1.1. Skipulags- og byggingarnefnd, dags. 11.1.2005.  
**Fundargerð lögð fram. Liðir 1, 4, 5a og 5b samþykktir. Fundargerð samþykkt að öðru leyti.**
  - 1.2. Stjórn Lista- og menningarsjóðs, dags. 08.01.2005.  
**Framlagt.**
2. Aðrar fundargerðir.
  - 2.1. Stjórnarfundur Sorpurðunar Vesturlands hf.
  - 2.2. 54. fundur Breiðafjarðarnefndar  
**Fundargerðir framlagðar.**
3. Undirbúningur fyrir 3ja ára áætlun 2006-2008.  
**Drögum og forsendum að 3ja ára fjárhagsáætlun fyrir 2006-2008 er vísað til frekari umræðu í bæjarráði.**
4. Ársskýrsla safnaráðs 2003.  
**Ársskýrsla framlögð.**
5. Fróðleikspunktur 07 og íbúafjöldi.  
**Framlagt.**
6. Húsaleigusamningur við Eignarhaldsfélagið Jeratún v. kjallarageymslu og viðaukasamkomulag við húsaleigusamning, dags. 19.12.2003.  
**Húsaleigusamningur og viðaukasamkomulag samþykkt.**
7. Bréf Guðmundar Kristinssonar sbr. 384/10.  
**Bæjarstjóri lagði fram svar við bréfinu og ræddi það.**
8. Bréf Guðmundar Kolbeins Björnssonar, dags 29.12.'04.  
**Erindið samþykkt.**
9. Bréf Sorpurðunar Vesturlands v. svæðisáætlunar á meðhöndlun úrgangs.  
**Bæjarráð gerir ekki athugasemdir við málsmeðferðina.**
10. Bréf Byggðastofnunar, dags. 3.12.'04.  
**Framlagt.**
11. Lóðarumsóknir:
  - a. Erlar Kristjánssonar verkfr.- Reitarvegur 6a.
  - b. Umsókn Óla Jóns Gunnarssonar á lóðinni Reitarvegi 2a.**Bæjarráð tekur jákvætt undir lóðaumsóknirnar og felur skipulags- og byggingarnefnd að fylgja eftir nauðsynlegri skipulagsvinnu.**
12. Bréf oddvita Helgafellssveitar dags. 30.12.2004.  
**Bæjarráð getur ekki fallist á sjónarmið oddvita Helgafellssveitar og vísar á að Hagstofa Íslands hefur úrskurðað í málinu samkvæmt lögum.**
13. Undirskriftarlistar með áskorun um sjónvarp frá fundum bæjar-ráðs/stjórnar.

**Bæjarritara falið að kanna kostnað við sjónvarpsútsendingu af bæjarstjórnarfundum. Rétt er að benda forsvarsmönnum undirskriftarsöfnunar á að fundir bæjarráðs eru lokaðir samkvæmt sveitarstjórnarlögum.**

14. Drög að samningi vegna forvarnar- og tómstundafulltrúa.  
**Bæjarráð fer fram á nánari útskýringar á verkefninu og erindinu vísað til bæjarstjórnar.**
15. Bréf sambands ísl. sveitarfélaga dags. 27.12.'04 v. verkfallslista.  
**Bæjarstjóra falið að búa til verkfallslista.**
16. Bréf Hrannars Péturssonar dags.14.12.2004.  
**Hrannar segir sig úr hafnarnefnd, þar sem hann hefur tekið við sem hafnarvörður. Vísað til næsta bæjarstjórnarfundar að kjósa nýjan aðalmann í hafnarnefnd.**
17. Tölvupóstur frá Hafðísi Bjarnadóttur varðandi gatnagerð við Lágholt 23 og 25.  
**Byggingarfulltrúa falið að skoða málið.**
18. Bréf frá skólastjóra Grunnskóla Stykkishólms varðandi aukna kennslu fyrir 10. bekk.  
**Ákvörðun verður tekin þegar endanlegar hugmyndir skólastjóra liggja fyrir.**
19. Guðmundur Kristinsson kom með fyrirspurn um símakostnað slökkviliðsmanna.  
**Fyrirspurn rædd og bæjarstjóra falið að kanna málið.**
20. Opín fundur á vegum bæjarstjórnar um fjárhagsáætlun og fleira verður haldinn á Hótelinu í Stykkishólmi miðvikudaginn 19. janúar n.k. kl. 20:00.

Fundargerðin upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 18:50.

Þór Örn Jónsson, bæjarritari.